

Olíudreifing ehf
Hólmaslóð 8 - 10
101 Reykjavík

Akureyri, 15. júní 2021
UST202101-409/G.S.Á.
08.06.02

Varðar þrýstiprófanir á tveimur lögnum Olíudreifingar ehf. nr. 740.61.00 og 740.69.00, í birgðastöðinni á Neskaupstað.

Umhverfisstofnun bárust þann 15. júní sl. niðurstöður þrýstiprófunar á tveimur eldsneytislögnum í olíubirgðastöðinni á Neskaupstað. Lagnirnar eru annars vegar 740.61.00 8“ 219,1x8,2 API 5L grade B/ASTM A/SA106 löndunarlögn, tengd geymi 740.06.00 sem var lögð í stað 219,1x 4,5 DIN 2458 lagnar og hins vegar 740.69.00 4“ afgreiðslulögn 114,3x3,2 DIN 2458, sem tengd er inn á 740.61.00 undir bryggjuþekju og liggur í afgreiðslubrunn.

Teknis ehf. sá um prófun lagnanna. Prófunin fór fram þann 9. júní 2021. Þrýstingi var lyft upp í prófunarþrýsting, yfir 12 bör og prófað í 4 klst og 8 mín. Prófað var með vatni. Þrýstingsbreytingar voru mældar með sírita og skráðar á um 15 mínútna fresti. Veður var gott á meðan prófun stóð. Lagnirnar voru þrýstiprófaðar í heild, frá geymi í löndunar- og afgreiðslubrunna, um 270 m að lengd.

Meðfylgjandi eru samantektarblöð um prófanir. **Lögnin stóðst prófanirnar.**

Umhverfisstofnun samþykkir áframhaldandi notkun á lögnum. Þrýstiprófa skal að lágmarki á fimm ára fresti.

Virðingarfyllst

Guðbjörg Stella Árnadóttir
Sérfræðingur

Halla Einarsdóttir
Teymisstjóri